



ÁVARP LÁRUSAR BLÖNDAL, FORSETA ÍSÍ Á FORMANNAFUNDI ÍSÍ 2024

Kæru leiðtogar sambandsaðila ÍSÍ - góðir félagar!

Verið öll velkomin á Formannafund ÍSÍ. Það er gaman að sjá ykkur öll og ég vona að við munum eiga góðan fund hér saman og að sem flest ykkar sjái sér fært að snæða kvöldverð í boði ÍSÍ að honum loknum.

Samkvæmt venju skulum við hefja fundinn á því að standa upp og minnst látinna félaga úr hreyfingunni.

Takk fyrir!

Nokkrar breytingar hafa orðið á formönnum sambandsaðila ÍSÍ, eins og gengur og gerist. Á skjánum er upptalning á nýjum formönnum sérsambanda og íþróttahéraða og vil ég biðja viðkomandi um að rísa úr sæti um leið og ég les nöfn þeirra.

Þegar við hittumst á Formannafundi í fyrra þá var stofnun svæðisstöðva íþróttahéraða að verða að veruleika og var fjármagn tryggt til verkefnisins næstu tvö árin. Starfsemi er nú komin af stað á öllum svæðum og starfsfólk stöðvanna hefur hafið störf undir stjórn Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur verkefnastjóra. Sextán kröftugir einstaklingar sem setja nýja innspýtingu í starf hreyfingarinnar. Þessi nýja orka mun lyfta upp starfinu á landsvísu.

Starfsfólkið vinnur nú við að greina svæðin og mun sú greining nýtast við að mæta áskorunum og mæla í framhaldinu þann árangur sem er að nást í aukinni þátttöku í íþróttum. Tilgangur svæðisstöðvanna er að bæta og auka íþróttastarfið um allt land þannig að það verði sem blómlegast og möguleikar iðkenda sem jafnastir við ástundun íþróttar. Meðal helstu markmiða með starfsemi svæðisstöðvanna er að efla þátttöku barna í íþróttastarfi, með áherslu á iðkun barna með fatlanir, barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og barna frá tekjulægri heimilum.

Ég hef mikla trú á þessu verkefni og tel að í því felist miklir möguleikar og tækifæri fyrir íþróttahreyfinguna að auka samstarf við hagaðila eins og skóla og sveitarstjórnir og koma sterk inn í hvert samfélag á landinu.

Það hefur verið ánægjulegt að vinna að þessu verkefni með UMFÍ. Eftir flutning UMFÍ inn í íþróttamiðstöðina þá hefur samstarf okkar og samvinna aukist mjög mikið og hefur aldrei verið meira í sögu þessara samtaka. Ég tel að sú þróun sé mjög jákvæð fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni og til þess fallin að auka samhug og styrk hreyfinganna.





Eyjan okkar er ólíkindatól og nú er enn eitt gosið hafið á Reykjanesskaganum. Hvert gos rífur upp sárið hjá Grindvíkingum sem enn hafa ekki snúið heim eftir hamfarir síðustu 12 mánaða. Ég er stoltur af samstöðunni í íþróttahreyfingunni þegar koma þurfti iðkendum og íþróttastarfsemi úr Grindavík fyrir í nágrannasamfélögum með skjótum hætti. Þar sýndum við hvers við erum megnug þegar við snúum bökum saman.

Hugur okkar er með vinum okkar Grindavíkingum sem enn ala þá ósk með sér að snúa heima í góða og öfluga íþróttabæinn sinn.

Þetta er einmitt það sem við þurfum að gera í hreyfingunni alla daga. Snúa bökum saman eins og kostur er. Tala sem ein heild eins og kostur er. Koma okkur saman um það sem skiptir mestu máli eins og kostur er. Leysa mál í bróðerni eins og kostur er.

Það var eftir því tekið fyrir skömmu þegar ÍSí og flest sérsamböndin sýndu mikla samstöðu og sendu inn umsagnir vegna afgreiðslu fjárlaga Alþingis fyrir komandi ár. Þar kom fram kröftugur samhljómur um grafalvarlega stöðu sérsambanda og uppnámið í verkefninu um bætt umhverfi afreksstarfs í landinu. Verkefni sem unnið hafði verið að hörðum höndum síðustu tvö árin.

Með samstöðu skapaðist nauðsynlegur þrýstingur á málið og ég er ekki í vafa um að það hafði áhrif á þá dýrmætu niðurstöðu sem tillaga um aukið fjármagn til afreksstarfsins hlaut við afgreiðslu fjárlaganna. Viðbótarstuðningur við afrekstarf ÍSí um 637 milljónir kr. er gríðarlega mikilvægur og tryggir að við höldum áfram á þeirri vegferð að gera umhverfi afreksíþróttar á Íslandi sambærilegt því sem best gerist annars staðar. Á næsta ári verður stuðningur ríkisins við afreksstarfið því 1 milljarður og 29 milljónir kr. Til samanburðar var stuðningur ríkisins fyrir 10 árum síðan 70 milljónir kr. Við erum alla vega á réttri leið.

Við hjá ÍSí heyrum og skynjum hversu hart er í ári hjá mörgum sérsamböndum ÍSí. Sjaldan hefur staðan verið svona bág hjá jafn mörgum samböndum. Mikið hefur mætt á stjórnnum og starfsfólki sérsambanda undanfarin ár og þreytan er farin að segja til sín. Langvarandi álag, fjárhagsáhyggjur og sáttamiðlanir taka sinn toll. Það var því enn dýrmætara og mikilvægara að fá þessar góðu fréttir í síðustu viku um aukið fjármagn og það ber að þakka.

Sá árangur sem náðst hefur kom ekki af að sjálfu sér. Þrotlaus vinna Vésteins Hafsteinssonar og starfshópsins hans síðustu tvö ár, vinna þverpólitískrar nefndar, þrotlaus vinna Ásmundar Einars Daðasonar mennta- og barnamálaráðuneytis og hans góða starfsfólks í ráðuneytinu og þrotlaus vinna ÍSí hefur nú borið þennan ávöxt. Það má hins vegar alls ekki gleyma því að starf íþróttahreyfingarnar nýtur mikils stuðnings þvert á stjórnmalaflokka. Þannig studdi fráfarandi ríkisstjórn þetta verkefni og einnig er ljóst af afgreiðslu fjárlaga að víðtækur stuðningur var við málið meðal





alþingismanna. Það skiptir miklu máli til framtíðar að við njótum almenns stuðnings því okkar verki við að efla afreksíþróttastarf er hvergi nærri lokið. Strax í byrjun næsta árs þarf að tryggja langtímafjármögnun í fjármálaáætlun. Það er næsta verkefni í þessari vegferð.

Með undirritun samningsins hér í upphafi fundar þá er fjármagnið tryggt fyrir næsta ár. Nú tekur við vinna við að forma farveg fyrir þetta aukna framlag og verður þá litið til þeirra þátta sem fram komu í skýrslu starfshóps Vésteins. Þar komu fram tillögur um það sem þarf að efla og gera til að bæta umgjörð afreksíþróttanna í landinu og verða þeir þættir leiðandi í málinu. Gefa þarf svigrúm til þeirrar vinnu en þó er stefnt að því að greiða út aukastuðning úr afrekssjóði á fyrstu mánuðum ársins til að styrkja stoðir sérsambanda. Við vonum að sú innspýting eigi eftir að léttu undir eftir erfiðan róður síðustu ára en áfram verður að vinna hörðu höndum að því að tryggja afreksíþróttafólki á Íslandi viðunandi umhverfi, réttindi og framfærslu til framtíðar.

Það var stórkostlegt að fylgja keppendum okkar á Ólympíuleikunum í París og eins að fylgjast með keppendum á Paralympics. Maður fyllist alltaf stolti að sjá íslenska keppendur á stóra sviðinu og skynjar hversu mikið er lagt undir í vegferðinni að slíkri þátttöku. Evrópumeistaratitill í hópfirmleikum og heimsmet og Heimsmeistaratitill í kraftlyftingum eru eftirminnilegir atburðir frá síðustu vikum og mánuðum. Framundan er einnig mikil handboltaveisla, með þátttöku í EM í handknattleik kvenna í desember og HM í handknattleik karla í janúar. Ísland teflir fram landsliðum sínum í báðum þessum mótum. Á næsta ári keppir landslið kvenna í knattspyrnu á lokamóti EM, svo fátt eitt sé nefnt. Þess má geta að í kvöld mun karlalandsliðið í körfuknattleik etja kappi við lið Ítalíu í undankeppni Evrópumótsins í körfuknattleiks.

Ég vil einnig nefna verkefnið *Allir með* sem unnið er í samstarfi menntamálaráðuneytis, ÍSÍ, UMFÍ og ÍF og er ætlað að styðja við íþróttir fatlaðra og virkja fleiri fötluð börn um allt land í íþróttastarfi. Verkefnið fer vel af stað og hafa ný verkefni sprottið upp víða um land með stuðningi Hvatasjóðs verkefnisins. Nýlega voru svo fyrstu Allir með – leikarnir haldnir í Laugardalshöll, sem tókust með eindæmum vel.

Eftir því sem okkur fjölgar í íþróttahreyfingunni þeim mun meira reynir á skipulag og regluverk og ákall er úr ýmsum áttum um skýrari reglur og heimildir. Hreyfing sem telur um 1000 einingar í margskiptu skipulagi þarf gott utanumhald og eftirfylgni. Það var því ekki að ástæðulausu sem ráðinn var inn lögfræðingur á Stjórnsýslusvið ÍSÍ, Helga Þórðardóttir, í fullt starf hjá ÍSÍ í marsmánuði síðastliðnum. Sviðið vinnur hörðum höndum að ýmsum umbótum í regluverki ÍSÍ og leiðir undirbúning að tillögum til lagabreytinga fyrir næsta Íþróttáþing. Helga mun sjálf kynna það verkefni hér síðar á fundinum.





Dagskrá fundarins er vel hlaðin og við þurfum líka rými til umræðna þannig að við skulum endilega keyra fundinn í gang og hefja fundarstörf.

Ég segi Formannafund ÍSÍ 2024 settan.

